

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 54/2023

2023/EES/77/26

frá 17. mars 2023

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2328 frá 16. ágúst 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindir eru framandi undirliggjandi gerningar og gerningar með eftirstæða áhættuþætti að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn fyrir eftirstæða áhættuþætti <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azzh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2060) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzi. **32022 R 2328**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2328 frá 16. ágúst 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindir eru framandi undirliggjandi gerningar og gerningar með eftirstæða áhættuþætti að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn fyrir eftirstæða áhættuþætti (Stjtið. ESB L 308, 29.11.2022, bls. 1).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2328, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 308, 29.11.2022, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.